

Málþing “Landsbyggðin lífi” á Kópaskeri í ágúst 2008

Nokkrir punktar í samræmi við glærur/innlegg

Gunnar Jóhannesson, verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga (AÞ)

1. Norðausturland lífi var valið sem fyrirsögn, með tilvísun í nafn samtakanna Landsbyggðin lífi.
2. Innihald erindisins byggði annars vegar á útlistun á starfi og hlutverki Atvinnuþróunarfélagsins á stóru starfssvæði þar sem vegalengdir eru býsna miklar og aðstæður mismunandi. Hins vegar á dæmum um fjölbreytileg verkefni og að á svæðinu eru ýmiskonar tækifæri eru fyrir hendi sem margir geta komið að og unnið að framgangi.
3. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (www.atthing.is) er rekið í formi hlutafélags sem er í eigu 19 aðila; 6 sveitarfélaga á Norðausturlandi, Byggðastofnunar og nokkurra fyrirtækja og launþegasamtaka á starfssvæðinu. Í samræmi við sett markmið veitir AÞ einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum á starfssvæðinu fjölþætta þjónustu á sviði viðskiptaráðgjafar. Atvinnuþróunarfélagið er ráðgjafarfyrirtæki en hefur um leið mjög sterka samfélagslega skírskotun. Það starfar að margvíslegum verkefnum tengdum atvinnurekstri og byggðamálum. Eitt af megin markmiðum AÞ er að efla og auka fjölbreytni í atvinnulífi í Þingeyjarsýslum. Til að ná fram þessu markmiði vinnur félagið með sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum á svæðinu við margvísleg verkefni tengd atvinnuuppbyggingu og ýmsum öðrum mikilvægum byggðatengdum verkefnum. Upplýsingaöflun og greining á atvinnu- og byggðamálum er drjúgur þáttur í starfi félagsins. Þegar horft er til hlutverks og markmiða AÞ gefur auga leið að heildarviðfangsefnið er mjög stórt og tekur ekki eingöngu á atvinnumálum beint. AÞ sinnir t.d. ýmsum verkefnum í samstarfi við Byggðastofnun og sveitarfélögin er lúta að úttektum, gagnaöflun og öðru sem tengist byggðamálum. Ennfremur er AÞ ætlað að hafa frumkvæði að úrbótum í byggðamálum eftir því sem aðstæður kalla á, efna til samstöðu og samstarfs, eða samþættingu verkefna. Þannig er t.d. lögð áhersla á að horfa ekki eingöngu á einstakar atvinnugreinar, eins og þær eru gjarnan skilgreindar, heldur liggja tækifæri ekki síður í að horfa þvert á greinar en fremur á svæði og hvernig má hámarka ávinning og heildarvirði.
4. Starfssvæði AÞ nær yfir 6 sveitarfélög á Norðausturlandi, Þingeyjarsveit, Skútustaðahrepp, Sveitarfélagið Norðurþing, Tjörneshrepp, Svalbarðshrepp og Langanesbyggð. Samanlögð stærð flatarmáls þessara sveitarfélaga samsvarar um 18% Íslands. Á undanförunum árum hafa orðið sameiningar sveitarfélaga á starfssvæðinu, nú síðast á þessu ári með sameiningu Þingeyjarsveitar og Aðaldælahrepps (nú Þingeyjarsveit). Aðstæður eru mismunandi eftir því hvar á starfssvæðið er litið, sveitarfélögin eru misstór, bæði að flatarmáli og fjölda íbúa. Samgöngumál hafa spilað stóran þátt inn í aðstæður og enn eru langir kaflar af malarvegum t.d. á norðausturhorninu sem augljóslega er ekki það sem á að vera í dag. Auk þess eru vegalengdir miklar. Vissulega hillir undir nokkrar framfarir hvað þetta varðar en barátta þessara samfélaga fyrir að hafa þennan mikilvægan þátt í grunngerðinni með nútímalegum hætti hefur verið löng og ströng. Þetta spilar allt inn í aðstæður á svæðinu, búsetugæði, atvinnutækifæri, aðgengi að markaði eða viðskiptavinum (t.d. ferðafólk).

5. Skipta má viðfangsefnum hjá AP í nokkra meginflokka:
 - a. Verkefni sem unnin eru fyrir og í samstarfi við einstaklinga og starfandi fyrirtæki
 - b. Verkefni, sem unnin eru að beiðni sveitarfélaga
 - c. Svæðisbundin verkefni sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag
 - d. Verkefni sem varðar allt svæðið
 - e. Almenn upplýsingagjöf um svæðið
6. Ef horft er á uppruna eða tegund verkefna eins og sést á glæru 6 má sjá nokkuð jafna dreifingu milli þessara tiltekinna flokka sem þar eru sýndir. Á undanförunum árum hefur orðið sú meginbreyting á starfi félagsins að unnið hefur verið markvisst að skilgreindum tímasettum sérverkefnum sem eru þá um leið fjármögnuð sérstaklega, að hluta eða öllu. Frá 2004 hefur félagið tekið þátt í norrænum þróunarverkefnum sem skilað hafa góðum árangri og reynslu. Mikilvægt er að velja slík verkefni vel m.a. út frá áherslum á hverjum tíma, og jafnframt hafa í huga að þau geta verið tímafrek í undirbúningi og umsýslu. En um leið er þessi þáttur leið til að ná meira fjármagni en ella í þróunarstarf á svæðinu, t.d. nýsköpun eða kynningarmál. Auk þess er mikilvægt að sjá hvað aðrir eru að gera, læra að öðrum þjóðum, og horfa á samanburð við önnur svæði. Það eitt hefur skilað ákveðnum árangri inn á okkar svæði. Á undanförunum árum hafa ferðapjónustutengd verkefni fengið verulega hlutdeild af heildartíma og umfangi félagsins.
7. Þróun og staða. Á starfssvæði AP búa tæplega 5.000 manns. Því miður hafa íbúatölur í heild farið lækkanði á undanförunum árum. En það býr jafnframt mikill auður í fólkinu. Það er kraftur og það er hugmyndaauðgi. Einstaklingar, fyrirtæki og ýmsir hópar eða stofnanir eru sífellt að huga að nýjum viðfangsefnum, bæta eða auka við. Stuðla að framförum, eflingu byggðar og bættum búsetuskilyrðum. Svæðið (Norðausturland / starfssvæði AP) er stórt og aðstæður mismunandi en á öllu svæðinu eru ýmiskonar tækifæri til framfara eða aukinna viðskipta og virðisauka. Margt hefur verið skoðað og reynt en sífellt þarf að halda áfram. Almenn þróun í þjóðfélaginu á undanförunum áratugum hefur leitt af sér miklar breytingar í atvinnuháttum af ýmsum ástæðum. Sífellt þarf að leita leiða og lausna við að búa til ný störf eða finna viðfangsefni sem geta haft jákvæð áhrif á búsetu eða starfsemi. Við segjum að Norðausturland búi yfir fjölbreytileika sem er um leið einn af styrkleikum svæðisins. Þannig er m.a. hægt að vinna að mörgum viðfangsefnum innan svæðisins sem hafa um leið einhverja sérstöðu og saman geta slík verkefni leitt til enn betri heildarárangurs en ella. Sé horft til fjölda og fjölbreytileika þeirra verkefni sem AP kemur að eða hugmynda sem ýmsir aðilar eru að vinna að á svæðinu ætti að vera ástæða til að ætla að í framtíðinni ætti íbúapróun síðustu ára að geta snúist við. En við þurfum jafnframt að gera okkur ljóst að þetta viðfangsefni er stórt og það þarf að hafa mikið fyrir hlutunum. Það má ekki láta hugfallast þó það líti stundum þannig út að við hvert eitt nýtt starf sem verður til leggist annað af á einhverjum öðrum vettvangi eða stað, af einhverjum ástæðum. Því verða að vera mörg verkefni í gangi á öllu starfssvæðinu, virkja þarf drifkrafta, styðja við frumkvöðla eða fyrirtæki, leita að fjármagni eða fjárfestum o.s.v.frv. Þetta er langhlaup!
8. Í samræmi stefnu Atvinnuþróunarfélagsins eru áherslur einkum þessar:
 - a. Rekstrarráðgjöf og hagkvæmnisúttektir
 - b. Upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun
 - c. Frumkvæði í atvinnusköpun
 - d. Aðstoð við fjármögnun (lán og styrkir)
 - e. Stuðla að því að efla almenna búsetu og búsetuskilyrði á svæðinu
 - f. Kynningarstarf á svæðinu

9. Nokkur dæmi voru tekin um verkefni sem AÞ hefur komið að með einum eða öðrum hætti. Í erindum sem á eftir komu var fjölbreyttri verkefnaflóru eða verkefnishugmyndum gerð betri skil. Hér eru því aðeins nefnd sérstaklega tvö verkefni sem eiga það sameiginlegt að vera „úr nágrenninu“ og byggja á drifkrafti og hugmyndum heimaaðila. Framfarafélag Óxarfjarðar hefur haldið utan um undirbúning að verkefni sem varð síðan sýnilegt í sumar með opnun einskonaforssýningar Jarðskjálftaseturs á Kópaskeri. Áhugamannafélag á Raufarhöfn vinnur að því að koma upp svokölluðu „heimskautsgerði“ ásamt því að vinna að frekari hugmyndum sem tengjast norðurslóðum (nágrenni við heimskautsbaug). Bæði þessi dæmi leiða af sér að til verður aðdráttarafi sem eykur um leið kynningu á stöðunum og þessu svæði, opnar á frekari möguleika og leiðir til aukins virðisauka með tímanum. Þetta eru jafnframt dæmi um góðar hugmyndir einstaklinga sem verða að verkefni og ná að þroskast á framkvæmdastig. Til þess þarf m.a. drifkraft til að halda utan um verkefnið, leiða það áfram og finna lausnir til að láta hugmynd verða að veruleika. Í þessum dæmum eru það hugmyndaauðgi heimafólksins, kraftur þess og elja sem eru meginatriðið, þó stoðkerfið, samfélagið og fleiri leggi eitthvað af mörkum eftir þörf og aðstæðum. En hér er rétt að ítreka mikilvægi þess að til séu framfara- eða byggðafélög, hópar fólks, litlir eða stórir, sem geta og vilja taka góðar hugmyndir „í fóstur“ og fylgja þeim eftir.
10. Eins og áður var vikið að hefur á undanförunum árum verið notast í auknum mæli við hugtakið Norðausturland fyrir það svæði sem horft er til (í því ljósi sem þetta innlegg byggir á). Þannig verður til svæði þar sem m.a. er stuðlað að framförum og meiri árangri eða nýrri nálgun með auknu samstarfi eða heildarsýn. Meginmarkmiðið er þá að stuðla að sem mestum heildarárangri. Þetta breytir ekki því að horfa þarf til samstarfs út fyrir þetta svæði eftir því sem ástæða og tækifæri eru til. Þrátt fyrir að eitthvað mismunandi aðstæður á einstökum svæðum innan Norðausturlands eru hvarvetna auðlindir og tækifæri. En það þarf að skilgreina þessa þætti og vinna að nýtingu þeirra eða framgangi. Nýta ný eða aukin tækifæri og vinna áfram sem aldrei fyrr að þessum þróunar- og byggðamálum.
11. Hverjum stað, svæði eða héraði er mikilvægt að ávallt séu til staðar góðar hugmyndir, tækifæri sem hægt er að vinna að til að viðhalda, endurnýja eða byggja upp viðkomandi samfélag. Fjölga atvinnutækifærum, stuðla að framförum, bættum búsetuskilyrðum eða jákvæðri ímynd. Það þurfa að vera til staðar drifkraftar til að vinna að slíkum hugmyndum, áframhaldandi verkefnum, fylgja eftir mikilvægum málum. Ekkert gerist af sjálfu sér! Alltof of oft stranda góðar hugmyndir eða viðskiptatækifæri á miðri leið frá hugmynd að veruleika vegna þess að þennan drifkraft vantar, verkefnaskipulag eða eftirfylgni er ekki nægileg. Þetta geta vissulega verið ýmsir aðilar eða hópar. Fyrirtæki, einstaklingar eða félög. Framfara- eða byggðafélög eru mikilvæg í þessari mynd. Margir geta lagt hönd á plóginn. Margir geta fundið sér hlutverk og átt þannig þátt í framförum, jákvæðri þróun eða uppbyggingu. Hluti af þessu heildarverkefni er að virkja aðila. Það gerist t.d. með félögum sem taka að sér verkefni, tímabundið eða til lengri eftirfylgni. Samtökin Landsbyggðin lífi eru að skila mikilvægu starfi m.a. við að hvetja áfram, sýna fram á góð dæmi og stuðla að vexti og viðgangi slíkra „byggðatryggðafélaga“. Fyrir það ber að þakka og vekja um leið athygli á þessu góða starfi.